

Alþingi  
Erindi nr. P 127/465  
komudagur 11.12.2001

GNÚPVERJAHREPPUR

KENNITALA 580169-6949

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Árnesi, 7. des. 2001.

**Efni: Afstaða hreppsnefndar Gnúpverja til tillagna að stækkun friðlands í Þjórsárverum**

Á fundi hreppsnefndar Gnúpverja hinn 6. desember 2001 samþykkti meirihluti hreppsnefndar eftirfarandi bókun, þar sem tekið var fyrir erindi yðar, dags. 16. nóvember 2001:

*Hreppsnefnd áformar, í samræmi við umsögn sína dags. 19. ágúst 2001 og framkomnar umsagnir fagaðila, að vinna að verndun svæðisins, og telur að þau mörk sem tilgreind eru á afrétti Gnúpverja afmarki vel það svæði sem nauðsynlegt sé að tryggja frekari verndun.*


*Ennfremur telur hreppsnefnd að ekki verði gengið lengra í nýtingu svæðisins til orkuvinnslu en nú þegar hefur verið gert með Kvíslaveitu 1.-5. áfanga án þess að útvistar- og náttúruverndargildi svæðisins skerðist verulega.*

*Bent skal á að mörk þess svæðis sem nú er friðlýst eru dregin mjög þröngt um verðmætasta hluta veranna, en nærliggjandi svæði, gróin og ógróin, eru engu að síður órjúfanlegur hluti þeirrar heildar sem gerir svæðið svo sérstætt á lands- og heimsvísu sem raun ber vitni og almennt er viðurkennt.*

*Þá er svæðið með Þjórsá að Sultartangalóni ekki síður verðmætt vegna stórfenglegs landslags, fossa og gljúfra, og fjölbreytts gróðurs og dýralífs og því engu minni ástæða að vernda það en Verin sjálf.*

Ofangreindu er hér með komið á framfæri

Virðingarfyllt,  
f.h. hreppsnefndar Gnúpverjahrepps



Bjarni Einarsson  
oddviti.